




fagmennska í tísku



Fréttablað þjónustuiðnaðar gefið út af Samtökum iðnaðarins
Ljósmyndari: Lárus K. Ingason

1. tbl. • Nóvember 2003



Tískudagar iðnaðarins

Fyrstu Tískudögum iðnaðarins er nýlokið. Þeir stóðu í tíu daga frá föstudegi 6. nóvember sl. til mánudagsins 16. nóvember og óhætt er að fullyrða að þeir hafi náð athygli fólks.

Samtök iðnaðarins og sjö fagfélög í þjónustuiðnaði tóku ákvörðun um að leggja í stórt markaðsátak snemma í haust og síðan þá hafa hjólin snúist hratt. Markmiðið var að skapa þjónustuiðngreinum nafn sem mikilsverðum hluta af íslenskum tískuiðnaði og öflugum þátttakanda á markaði. Átakið hófst með opnu húsi hjá sextíu fagmönnum og fyrirtækjum þeirra víða um land og í Reykjavík og lauk með hápunkt-



inum, Stórsýningu í Perlunni helgina 15. og 16. nóvember. Á fimmta þúsund manns sóttu sýninguna sem þótti takast vel. Telja má að á tveimur dögum hafi fleiri hugsanlegir kaupendur kynnt sér þjónustu fyrirtækjanna og félaganna sem þar sýndu en á næstu tveimur árum þar á undan. Tískudagar iðnaðarins hlutu mikla athygli fjölmiðla og nutu þess m.a. að Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra lagði átakanu lið. Fagmenn í tísku bjuggu ráðherrann þannig úr garði að almenna athygli vakti. Tískudagar iðnaðarins marka ef að líkum lætur upphaf langtíma markaðsstarfs fagfélaganna og Samtaka iðnaðarins.



Leiðtogaviðtal



Hver ertu?

Jónína Sóley Snorra-dóttir, hárgreiðslumeistari og formaður Meistarafélags í hárgreiðslu.

Hvað hefurðu lært?

Ég lærði í Iðnskólanum í Reykjavík og undir handleiðslu Hrannar Helgadóttur hárgreiðslumeistara á hárgreiðslustofunni Hrönn. Svo hef ég lært dálítið í spænsku og verulega mikið í mannlegum samskiptum af daglegu samneyti við kunnana.

Hvað rekur þú?

Ég rek hárgreiðslustofuna Höfuðlausnir sf., heimili og eitt stykki Meistarafélag.

Hvað einkennir fyrirtækið þitt?

Höfuðlausnir er þjónustu- og fagfyrirtæki, þrettán ára gamalt og með þeim stærrí í bransanum. Þetta er framsækið fyrirtæki við gerum oft breytingar og prófum nýjar viðskiptahugmyndir reglulega.

Hver verður næsti áfangi hjá fyrirtækinu þínu?

Áframhaldandi uppbygging. Ég er nýbúin með mikinn áfanga.

Hvað knúði þig til að taka að þér leiðtogahlutverk í greininni?

Ég kom inn í stjórn þegar nýtt félag var stofnað í hárgreiðslunni 1999. Vorið 2001 sagði formaðurinn af sér og mér var eiginlega stillt upp við vegg; annaðhvort að taka að mér formennsku eða félagið gæti lagst af. Meistarafélagið skiptir einfaldlega miklu máli.

Hvert er mikilvægasta hlutverk forystunnar?

Að ná samstöðu meðal félagsmanna um að efla greinina og fagmennsku alls hárgreiðslufólks og að það sjái sér hag í að vinna saman að þeim markmiðum.

Hvert er mikilvægasta markmið hárgreiðslugreinarinnar?

Að viðskiptavinirnir séu ánægðir með þjónustuna.

Hvernig á að ná því markmiði?

Með því að hafa fagmennsku í fyrirrúmi.

Hvað gera fagfélagið og Samtök iðnaðarins fyrir mig! Af hverju skiptir máli að vera í fagfélagi og SI

Svarið er einfalt. Því fleiri aðilar sem sameinast um að ná tilteknu markmiði eða árangri í því sem þeir vinna að þeim mun meiri líkur eru á að það takist.

Með aðild að fagfélagi öðlast hver félagsmaður einnig aðild að Samtökum iðnaðarins. Þau eru málsvari iðnaðar í landinu og það er hlustað á þau þegar þau láta frá sér heyrna. Samtökin eru nú tíu ára og hafa jafnan beitt sér fyrir að bæta starfsskilyrði félags-



Samtök iðnaðarins

manna sinna sem eru bæði fyrirtæki og einyrkjar. Þau þekkja þarfir félagsmanna sem eiga greiðan aðgang að faglegri þjónustu SI á fjölmörgum sviðum. Þar fá félagsmenn upplýsingar og ráðgjöf en ekki síst aðgang að samstarfi við önnur iðnfyrirtæki til að bæta rekstur sinn. Síðast en ekki síst gæta þau hagsmuna félagsmanna ef að þeim er vegið.

Sterk samtök

Kæru félagsmenn

Stuttu eftir að ég lauk sveinsprófi tók ég sæti í stjórn Félags íslenskra gullsmiða og ári síðar við formennsku. Eftir það sat ég fundi með lögfræðingi Samtaka iðnaðarins ásamt öðrum formönnum félaga í svokölluðum þjónustugreinum.

Fljótlega kom í ljós að öll vorum við að glíma við svipuð mál og því raunveruleg þörf fyrir samvinnu okkar. Eitt stærsta verkefnið var og er að svara spurningunni - AF HVERJU ERUM VIÐ Í SAMTÖKUM IÐNAÐARINS?

Allan þann tíma, sem ég gegndi formannsstarfinu eða í fjögur ár, fann ég að auðvelt var að leita til starfsfólks Samtakanna og mér var tekið fagnandi með hvert það erindi sem ég bar fram. Þar var hvert sæti skipað vel menntuðu og hæfileikaríku fólki.

Öllum hugmyndum stjórnar gullsmiða var tekið opnum örmum og við fengum ómældan stuðning við alls konar viðburði. Við héldum t.d. samkeppni meðal gullsmiða um smíði á vínflöskutöppum, sem við svo sýndum í Laugardalshöllinni. Einnig var haldið veglega upp á 75 ára afmæli félagsins og ekki stóð á stuðningi Samtaka iðnaðarins.

Eftir þessa reynslu fannst mér áhugavert að kynnast nánar rekstri Samtakanna. Aldrei áður höfðu svokallaðar þjónustugreinar átt fulltrúa í stjórn og aldrei áður hafði kona setið í stjórn.

Ég ákvað að bjóða mig fram og var kosin í stjórn SI á Iðnþingi 2002. Þegar maður tekst á við ný verkefni tekur ávallt nokkurn tíma að átta sig á hlutunum.

Mér hefur orðið æ ljósara mikilvægi þess að í stjórninni sitji fulltrúar úr sem flestum greinum iðnaðar og að mínu mati er nauðsynlegt að þjónustugreinarnar eigi þar sinn fulltrúa.

Ég hef sjálf lært mjög margt þennan tíma og áttað mig enn betur á því hve Samtökin eru vel mönnuð, hvers þau eru megnug og hve vel þau vinna að hagsmunum iðnaðarins í landinu. Í mínum huga er þess vegna ekki erfitt að svara spurningunni: Af hverjum erum við í Samtökum iðnaðarins?

Sem fulltrúi ykkar í stjórn SI hvet ég ykkur til að leita til mín með hagsmunamál ykkar. Það er ástæða til að gleðjast yfir góðum árangri af markaðsátakinu Tískudögum iðnaðarins. Höldum áfram á sömu braut, því að ein kæmumst við ekki langt. Nú er lag.

Kær kveðja, Halla Bogadóttir

Saman í sókn: Gagnkvæm gæðastjórnun SI og aðildarféлага


Félögin, sem á sínum tíma voru störfuðu innan Landssambands iðnaðarmanna og nú mynda stofninn í Samtökum iðnaðarins auk öflugustu iðnfyrirtækja landsins, eru í óðaönn að styrkja vinnviði sína og stjórnarhætti.

Eins og allir vita hafa starfsskilyrði fyrirtækja á Íslandi, bæði smárra sem stórra, gjörbreytt á undanförunum árum. Allir þurfa að bregðast við þeim breyt-

ingum, líka félög sem byggjast á gamalli hefð.

Á þessu ári hafa Samtök iðnaðarins gengist fyrir því, í mikilli og góðri samvinnu við forystumenn félaga, að semja gæðahandbækur fyrir félögin á opinn og lýðræðislegan hátt. Fullgerðar verða þær birtar á gæðastjórnunarfélögum SI þar sem þær verða öllum aðgengilegar. Markmiðið er að

styrkja stoðir samvinnu SI og aðildarfélaganna, hinum einstöku meisturum og fyrirtækjum þeirra til hagsbóta.



Nú þarf að fylgja eftir

Félag meistara og sveina í fataið er eitt þeirra aðildarféлага Samtaka iðnaðarins sem hvað lengst eru á veg komin með að koma sér upp gæðakerfi í Samvinnu við SI. Íslenskur iðnaður spurði Ólöfu Kristjánsdóttur, fyrrverandi formann FMSF, hver væri ávinningurinn af að byggja upp gæðakerfi.

Ólöf segir að félagsmenn FMSF spyrji gjarnan hvað félagið geri fyrir þá eða hvers vegna þeir eigi að taka þátt í félagsstarfinu og það hafi ýtt undir að stjórnin tók þá ákvörðun að vinna að upptöku

gæðakerfis. Hún segir að stefnumótunarferlið sé langtímaverkefni en gæðakerfið sé félaginu afar mikilvægt því að það muni styrkja innviði þess og efla starfið með skýrum markmiðum. „Hlutverk hvers stjórnarmanns er m.a. rækilega skilgreint þannig allir, sem leggja þar hönd á plóg, þekkja hlutverk sitt og skyldur og að hvaða markmiðum er stefnt. Gæðahandbókin skiptir því miklu máli, ekki síst fyrir þá félagsmenn sem taka þátt í félagsstörfum í framtíðinni.“

Tannsmiðir snúa bökum saman

Tannsmiðafélag Íslands var stofnað 15. maí síðastliðinn með sameiningu tveggja eldri félaga tannsmiða. Tannsmiðum þótti hag sínum betur borgið í einu félagi og vildu vinna saman að ýmsum hagsmuna- og framfaramálum sem snerta iðn þeirra.

Skömmu eftir að félagið var stofnað ákvað stjórnin að vinna eftir gæðastjórnunarkerfi og fljótlegra var hafist handa við að koma því á laggirnar með aðstoð starfsmanns SI. Sú vinna er mjög vel á veg komin að sögn Soffíu D. Halldórsdóttur formanns hins nýja félags. „Þar eru lagðar

skýrar línur um markmið og leiðir og í hverju hlutverk hvers stjórnarmanns er fólgið. Þetta auðveldar því nýjum fólki að taka þátt í stjórnarstarfi. Kerfið veitir líka gott aðhald því að þar verða tíunduð þau markmið og verkefni sem stjórnin hyggst vinna að og hvernig þeim miðar. Þar verður einnig að finna lög félagsins.“

Þegar fram líða stundir stefnir félagið að því að koma sér upp vefsíðu með upplýsingum um iðngreinina og þar verður krækja inn á gæðakerfið.

Aðildarfélög Samtaka iðnaðarins koma sér upp gæðastjórnunarkerfi



Ferdinand Hansen verkefnisstjóri

Samtökin hvetja öll aðildarfélög sín til að leggja í sambærilega vinnu í þeirri trú að ef hlutverk og vinnulag allra, sem koma að félagsstarfinu, er vel skilgreint verði starfið léttara, skemmtilegra og markvissara og árangurinn af því verður jafnframt meiri og sýnilegri en ella.

Síðastliðið ár hafa Samtök iðnaðarins sjálf verið að byggja upp gæðastjórnunarkerfi fyrir starfsemi sína. Þeirri uppbyggingu hefur miðað vel og búið er að skilgreina helstu vinnuferla í starfsemi sinni. Verklagsreglur í gæðakerfi SI varðandi samstarf og þjónustu við aðildarfélögin eru samræmdar samsvarandi reglum í gæðakerfum aðildarfélaganna þannig að öll samvinna og þjónusta ætti að verða hnökralaus í framtíðinni.

Frá byrjun til loka 1

Á stórfundi á Grand Hótel hvöttu formenn félaga sína til að taka þátt í Tískudögum iðnaðarins.



Soffía Halldórsdóttir, formaður Tannsmiðafélags Íslands:

„Við erum nýtt félag og erum að byrja að kynna starfi SI sem vinna mikið og gott starf. Þetta er mjög sniðugt framtak.“



Jónína Snorradóttir, formaður Meistarafélags í hárgreiðslu:

„Sammála. Hvet alla til að taka þátt í þessu.“



Frank Úlfar Michelsen, formaður Úrsmiðafélagsins:

„Ég sé mikla möguleika í samvinnunni. Við erum sterk og myndum góða heild. Við þurfum að hvetja félaga okkar til að gera eitthvað í þessu máli.“



Berglind Magnúsdóttir, formaður félags meistara og sveina í fataiðn:

„Okkur er nauðsyn að standa saman. Kýlum á þetta. Það er engin spurning.“



Anna María Jónsdóttir, varaformaður Félags snyrtifræðinga:

„Við erum öll í tísku. Nú er að nota þjónustu fagfólks. Það er margfalt þess virði að taka þátt í Tískudögunum þótt það kosti peninga.“



Dýrfinna Torfadóttir, formaður Gullsmiðafélagsins:

„Þegar ég vaknaði í morgun og horfði í spegilinn áttaði ég mig á því hvað eigum margt sameiginlegt. Við vinnum öll við útlit manneskjunnar. Nú er við hæfi að standa saman og kýla á góða sýningu.“

Höfuðlausnir 31. október kl. 18.30



Grand Hótel 15. október kl. 08.15

Organza og snúðar 24. október kl. 15.00



Höfuðlausnir 31. október kl. 18.15



Bakið á kjól iðnaðarráðherra var meistaralega útfært með ísaumuðum perlum



Gvendarbrunnar 31. október kl. 22.30

Tískudaga iðnaðarins

Hátíðarsýning í Perlunni
14. - 16. nóvember



Opið hús
7. - 9. nóvember



Hátíðarsýning í Perlunni
14. - 16. nóvember



Skilgreining á þjónustuiðnaði

Þjónustuiðnaður er mjög fjölbreytt atvinnugrein eins og sést á starfsemi fyrirtækja í greininni, t.d. gullsmiða, hársnyrtistofa, snyrtistofa, ljósmyndara eða fyrirtækja í upplýsingatækni. Almenn er talið að gagnger munur sé á fyrirtækjum í þjónustu og iðnaði. Þannig eru iðnfyrirtæki skilgreind að þau framleiði „áþreifanlegar“ vörur en þjónustufyrirtæki eru með „óáþreifanlega“ framleiðslu.



Þorsteinn Þorgeirsson

Í síðara tilvikinu er átt við að þjónustan leiði ekki til framleiðslu efnislegs varnings. Sú skilgreining endurspeglar hins vegar ekki raunveruleika fyrirtækja í svokölluðum þjónustuiðnaði, sem lúta báðum þessum skilgreiningum í starfsemi sinni. Til dæmis hafa flest iðnfyrirtæki þjónustustarfsemi innan sinna vébanda. Um leið framleiða mörg þjónustufyrirtæki afurðir. Oft er orðið „óaðskiljanleiki“ notað til að aðgreina hreina þjónustustarfsemi. Þar á afhending þjónustunnar sér stað samtímis og ekki er hægt að geyma hana eins og afurðir á lager.

Þjónustuiðnaður er mannaflsrekur

Starfsemi gull- eða tannsmiða er dæmigerð fyrir þjónustuiðnað. Þar eru framleiddar tiltekna vörur og um leið er einstaklingum veitt þjónusta. Fyrirtæki eins og hársnyrtistofur eru einnig skilgreind

sem þjónustuiðnaður þar sem þau bjóða einstaklingsþjónustu sem byggist á stöðluðum kröfum um starfsmenntun og ýtarlega þekkingu á framleiðsluferlinu. Fyrirtæki í einstaklingsþjónustu eru oftast mannaflsrek, sem þýðir að stærstur hluti veltu fyrirtækisins byggist á þjónustu starfsfólksins.

Alþjóðavæðing er vaxandi hluti af starfsemi fyrirtækja í þjónustuiðnaði með tilkomu beinna alþjóðlegra fjárfestinga í resktri slíkra fyrirtækja eða sérleigusamninga. Mikil fjárfesting hefur t.d. átt sér stað í fyrirtækjum í upplýsingatækni undanfarin ár. Fyrirtæki í upplýsingatækni byggjast á þekkingu eða hugviti við framleiðslu á „táknrænni“ þjónustu. Slík fyrirtæki framleiða allt frá sértækum hugbúnaðarlausnum einstakra starfsmanna upp í flóknar vörur sem byggjast á hugbúnaðar- eða tæknilausnum.

Þróun þjónustugeirans hefur verið ör

Þjónustustarfsemi, bæði á almennum markaði og í opinbera geiranum, hefur aukist jafnt og þétt undanfarna áratugi og nær nú yfir 60 prósent af landsframleiðslu í flestum þróuðum ríkjum heims. Um 20 prósent af heimsviðskiptum eru þjónustuviðskipti og þau fara vaxandi. Vöxtur þjónustugeirna hefur leitt til hugtaka eins og þjónustu- og þekkingarsamfélagið. Örar breytingar hafa átt sér stað í starfsemi allra fyrirtækja í þjónustuiðnaði.

Markmið er bættur árangur í rekstri

Markmið alls reksturs er að hámarka verðmæti fyrirtækja með bættum rekstri. Það sem einkennir fyrirtæki í þjónustuiðnaði, sem ná góðum árangri, er markviss viðleitni til að bæta stjórn framleiðsluferlisins, gera störf faglegri, leggja áherslu á hæfni starfsmanna, innleiða nýjungar í þjónustuaufurðum og að hafa góð framleiðslu- og dreifingarkerfi. Árangurinn sést oftast í ánægju viðskiptavinanna og umfangi starfsmennar en er mælanlegur í þróun tekna, greiðslustöðu, hagnaðar, markaðshlutdeildar eða verðmæti fyrirtækisins.

Fyrirtæki í þjónustuiðnaði þurfa sífellt að bregðast við breytingum í starfsumhverfinu og á vinnumarkaði. Mikilvægt er að markaðssetja þjónustuna og fylgjast vel með þróun heima fyrir og í sumum tilvikum á alþjóðlegum mörkuðum.

Fyrirtæki í vinnuafslökum þjónustuiðnaði eru oft í strangri samkeppni og þurfa að vinna ótullega að því að ná góðri arðsemi. Oft eru vandamál tengd ráðningu starfskrafta, erfiðleikar í þróun þjónustunnar og önnur krefjandi rekstrarmál.

Tækninýjungar bæta árangurinn

Eins og hjá öðrum iðnfyrirtækjum eru tækninýjungar mikilvægar fyrir fyrirtæki í þjónustuiðnaði.

Upplýsingatækni, netviðskipti og þjónusta eru vaxandi hluti af daglegum rekstri fyrirtækja í þjónustuiðnaði. Þjónustusamfélagið er síbreytilegt í viðhorfi til upplýsinga og þjónustu. Tækninýjungar í þjónustu eru örar og sífellt þörf á rannsóknum á breytilegu starfsumhverfi þjónustufyrirtækja til að viðhalda eða stækka markaðshlutdeild.

IÐAN - IDAN.IS



Iðan.is er verðlaunaður upplýsingavefur Samtaka iðnaðarins um menntunarmöguleika á Íslandi fyrir ungt fólk. Hann er einn af vinsælli vefjum landsins og er starfræktur í samvinnu SI og nemenda í námsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ef þið þekkið ungt fólk sem langar að vita meira um iðngreinarnar, hversu langt námið er og hvaða tækifæri bíða í atvinnulífinu að námi loknu þá er iðan.is tilvalin. Ef þú hefur ekki enn skoðað iðuna þá skaltu drífa í því.

Sjón er sögu ríkari.

Menntun og markaðssetning hennar

Aðildarfélagin í þjónustuiðnaði þurfa öll að standa vakt í menntamálum greinar sinnar. Þau leggja til fulltrúa í starfsgreinaráð á vegum menntamálaráðuneytisins og fylgjast með þróun kennslu og fagmennsku hvert í sinni grein. Samtök iðnaðarins beita sér mjög á sviði iðn- og tæknimenntunnar í opinberri umræðu á Íslandi.

Sérfræðingur SI á sviði menntamála er Ingi Bogi Bogason og hann liðsinnir forystumönnum einstakra greina þegar á brýtur. Ljóst er að skortur er á stjórnfestu þegar kemur að iðnréttindum og þeirri menntun sem þar býr að baki. Framtíðarsýn stjórnvalda virðist heldur ekki nógu skýr, samhengið milli fjármögnunar og aukinna gæða ekki öllum ljóst. SI boðuðu starfsgreinahóp í þjónustuiðnaði og ýmsa aðila þeim tengda til stefnumótunarfundar um menntamál.

Í ljós kom að fulltrúar þessara greina leggja mesta áherslu á endurmenntun, meistaralaun til kennslu í fyrirtækjum, aukna gæðavitund viðskiptavina, leiðréttingu á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins, möguleika til að leigja skólum kennslu- aðstöðu hjá fyrirtækjum og aukna samvinnu skóla, iðnmeistara og menntamálaráðuneytis.

Til hugstormunarfundarinnar var boðið stjórnnum gullsmiðameistara, úrsmiða,

meistara og sveina í fataiðn, snyrtifræðingna, hárgreiðslumeistara og ljósmyndara. Fjórtán fulltrúar komu og unnu kerfisbundið að því að svara spurningunni: Hvaða aukin þekking og færni treystir betur stöðu okkar, bæði fagmennsku og rekstur fyrirtækisins?

Spurningin er víðtæk og svörin við henni því unnt að sækja í margar áttir. Í svari fundarmanna kom sérstaklega fram ósk um aukna menntun og skýrari markaðssetningu. Til þess að einfalda leit að tilteknum svörum voru lagðar fram þrjár undirspurningar:

- 1) Hvernig getum við skapað fyrirtækjum okkar ný sóknarfæri?
- 2) Hvernig getum við orðið betra fagfólk?
- 3) Hvernig getur menntakerfið bætt kunnáttu okkar með hliðsjón af spurningum 1) og 2)?

Fundarmenn lögðu alls til 60 efnisatriði sem þeim þótti mikilvægt að vinna að úrbótum á. Þeir mátu síðan atriðin eftir tilteknu kerfi þannig að efti stóðu fáein atriði sem allir voru sammála um að hrinda þyrfti í framkvæmd. Helstu áherslurnar eru þessar:

- Endurmenntun er þörf. Fagmenn þurfa að halda menntun sinni við og meðtaka nýjungar.



- Meistaralaun. Meistarar, sem taka nema, fá greidd laun eins og aðrir kennarar.
- Nauðsynlegt er að efla gæðavitund (áhuga og virðingu) almennings á fagvinnu.
- Leiðrétta þarf reiknilíkan menntamálaráðuneytis gagnvart iðnnámi.
- Beita þarf viðurlögum gegn því að ófaglært fólk vinni við fagið.
- Skólar fari eftir námskrá í kennslu til sveinsprófs.
- Gera þarf skólum kleift að leigja kennsluástöðu hjá fyrirtækjum.
- Leggja þarf áherslu á nám í rekstri fyrirtækja, bæði á grunnnámi og eftirmenntun.
- Auka þarf samvinnu skóla, meistara og menntamálaráðuneytis um fagþjálfun.

Áhersluatriðin eru margvísleg og misauðvelt er að hrinda þeim í framkvæmd. Á næstunni munu Samtök iðnaðarins leita eftir álit einstakra fagfélaga um á hvaða áherslum er vænlegast að byrja.

Ingi Bogi Bogason

Handverkssýningin í Köln

Í Köln er haldin stærsta handverkssýning í Evrópu á hverju ári. Um 60 þúsund gestir heimsækja sýningar- svæðið sem er um 20.000 m² að stærð eða um tífalt stærra en Laugardalshöllin. Fulltrúar þjónustuiðngreina (eða fámennra iðngreina eins og sumar teljast til) fóru í viking til Kölnar sumarið 1999 og sýndu þar vörur sínar. Á sama tíma var haldinn fundur fámennra iðngreina í Evrópu í ráðstefnu- og fundarsölum á sýningar- svæðinu.

Fjórir Íslenskir iðnaðarmenn, gullsmiður, klæðskeri, söðlasmiður og fiðlusmiður, voru meðal þátttakenda á fundi evrópskra fulltrúa fámennra iðngreina. Um var að ræða verkefni innan Leonardóáætlunarinnar („Vocational Training in Traditional

Crafts”) sem hafði það að markmiði að efla menntun og þjálfun í fámennum iðngreinum í Evrópu. Fundurinn var haldinn um leið og stærsta handverkssýning meginlandsins stóð þar yfir.

Íslensku þátttakendurnir notuðu tækifærið og sýndu sýnishorn af íslenskri hönnun og handbragði. Helga Jónsdóttir, gullsmiðameistari, sýndi vínflokkutappa sem unnu í samkeppni sem haldin hafði verið meðal gullsmiða á Íslandi. Valdimar Tryggvason sýndi hnakk sem fyrirtæki hans framleiðir fyrir íslenska hesta um allan heim. Ólöf Björg Kristjánsdóttir, kjólameistari, sýndi hönnun sína og framleiðslu og Hans Jóhannsson, fiðlusmiðameistari, sýndi fiðlur, heilar og í hlutum.

Óhætt er að segja að framlag Íslend-



inganna hafi vakið verðskuldaða athygli. Íslensku fulltrúarnir voru ánægðir með viðtökurnar og töldu þetta framtak geta orðið mjóan vísi til mikils.

Það er við hæfi að rifja upp þessa för um það leyti sem þjónustuiðngreinar SI, sem margar tilheyra einnig svokölluðum fámennum iðngreinum, blása til sóknar.

Ingi Bogi Bogason



Félag meistara og sveina í fataiðn

Auka þarf gæðavitund almennings um fatnað

Félag meistara og sveina í fataiðn hélt nýlega glæsilega sýningu á Kjarvalsstöðum í tilefni af 60 ára afmæli sínu 2. september. Berglind Magnúsdóttir, formaður félagsins, segir að enn eimi eftir af hinni gömlu ímynd saumakonunnar sem situr ein og saumar og tekur lítið fyrir vinnu sína.

„Félagið hefur mikinn hug á að breyta þessu og gæðakerfið auðveldar félaginu m.a. að koma því á framfæri að félagsmenn eru vel



Brúðarkjólarnir eru eftir Gerði Bjarnadóttur klæðskerameistara eiganda saumastofunnar Hnapps ehf.

menntaðir fagmenn, rétt eins og aðrir iðnaðarmenn og það hefur hug á að auka gæðavitund meðal almennings varðandi hönnun, saumaskap og frágang fatnaðar.“

Fjölbreytt og næg verkefni

Hópur viðskiptavina er mjög breiður og flestar saumastofur hafa næg verkefni að sögn Berglindar. „Sumir viðskiptavinir láta sauma á sig af því að hefðbundnar stærðir í fataverslunum passa þeim ekki en aðrir láta sauma á sig af sérstöku tilefni. Kjólameistarar og klæðskerar vinna einnig með stílístum við að hanna og sauma fatnað sem notaður er í auglýsingum af ýmsu tagi.“

Tvær saumastofur í Reykjavík, Organza og snúðar að Laugavegi 71 og Hnappurinn að Njálsgötu 11 tóku þátt í Menningarnótt í Reykjavík 16. ágúst, höfðu opið hús og kynntu vegfarendum starfsemi sína og þótti vel til takast

Litla höfundaréttarkverinu vel tekið

Fáar iðngreinar hafa gengið gegnum jafnmikla grundvallarbreytingu á stuttum tíma og ljósmyndarar með tilkomu stafrænnar tækni.



Hin nýja tækni raskar hefðbundnum aðferðum við að varðveita og birta myndir og höfundaréttur ljósmyndara skiptir nú meira máli en nokkru sinni fyrr. Stjórn Ljósmyndarafélags Íslands ákvað því að efna til sérstaks kynningarátaks um höfundarétt að myndverkum og beina því að auglýsingastofum og öðrum mikilvægum viðskiptavinum ljósmyndara.

Góðar viðtökur

Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari, stjórnarmaður í LMFÍ segir að bæklingurinn hafi hlotið góðar viðtökur. Hann segist vonast til að þetta sé skref í þá átt að auka vitund almennings um höfundarétt almennt séð en mikilvægt sé að Ljósmyndarafélagið beiti sér enn frekar á þessu sviði.

Gríman

Gullsmíðameistarinn vann

Sigurður Steinþórsson segir að flestir gullsmíðir smíði gripi sem þeir sjálfir hafi hannað. Þeir séu m.a. vel að sér í formfræði eins og sannast hafi í þessu tilviki. Hann segir að margir

gullsmíðir hafi stundað nám í myndlist. Sjálfur segist Sigurður hafa ómælda ánægju af starfi sínu og fá þar mikla útrás fyrir sköpunargleðina.

